

Náttúrufræði 8. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

8

Lýsing

Í þessari lofu verður byrjað á að fara í líffræði. Þar munt þú læra um lífið á jörðinni og hvernig lífverum er skipt í hópa og hvað einkennir hvern hóp fyrir sig.

Síðan verður farið í eðlisfræði þar sem farið verður í rafmagn, hljóð, varma og veður og ljós.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, verklegar æfingar, fræðslumyndir, efniskönnun og umræður.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður vinna í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og kannanir.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk

- **Hæfni á námssviði**

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Þekki og geti lýst ýmiss konar samskiptum á milli lífvera eins og samlífi, sníkjulífi, gíslífi og rotlífi.
- Geti útskýrt sérstöðu lífvera hvers ríkis og mikilvægi þeirra fyrir aðrar lífverur.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- Þekki helstu einkenni fléttna.
- Þekki helstu einkenni plantna.
- Þekki helstu einkenni sveppa.
- Þekki og geti útskýrt hugtakið ljóstillifun.
- Þekki helstu einkenni lífvera

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Geti útskýrt eiginleika hljóðs og áhrif þess á umhverfið.
- Geri sér grein fyrir hvernig hljóð myndast og hvernig það berst.
- Útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.
- Þekki helstu eiginleika hljóðs eins og hljóðstyrk og tónhæð.
- Geti útskýrt varma og áhrif þess á umhverfið.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Viti hvað þarf að varast við notkun á rafmagni.
- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlu hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Geti útskýrt hugtökin leiðari og einangrari.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.
- Geti útskýrt hugtökin rafspenna, rafstraumur og viðnám.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað.
- Þekki muninn á hliðtengdri og raðtengdri straumrás sem og muninum á hliðtengdum og raðtengdum rafhlöðum.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Getur gert sjálfsmat sem og jafningjamat
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.

NÁMSEFNI/GÖGN



Lífheimurinn

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lifheimurinn/>)